



Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-12
150 Reykjavík

Reykjavík 20. febrúar 2012

Efni: Umsögn Öryrkjabandalags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um háskóla, nr. 63/2006 (sjálfstæði og lýðræði í háskólum, réttindi fatlaðra nemenda). Þingskjal 714 – 468. mál.

Öryrkjabandalag Íslands (ÖBÍ) fagnar frumvarpi til laga um breytingu á lögum um háskóla (sjálfstæði og lýðræði í háskólum, réttindi fatlaðra nemenda). ÖBÍ telur að í 13. gr. frumvarpsins sé stórt skref stigið hvað varðar réttindi fatlaðs fólks til viðeigandi stuðnings og aðlögunar vegna náms í háskóla. Tekið er tillit til 24. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna þar sem fram kemur að tryggja skuli fötluðu fólki aðgang að almennu námi á háskólastigi. ÖBÍ vill benda á að nú er verið að hefja tilraunaverkefni á notendastýrðri persónulegri aðstoð (NPA) sem byggir á hugmyndafræði um sjálfstætt líf (e. *Independent living*), en þar hefur notandi fulla stjórn á þeirri aðstoð sem hann fær. Við framkvæmd laganna þarf að taka tillit NPA og samræma stuðninginn við þetta nýja form aðstoðar. Nemandi verður að geta valið um hvort háskólinn útvegi honum stuðning eða að hann komi með aðstoð með sér inn í skólann í formi NPA.

Viðringarfullst
F.h. Öryrkjabandalags Íslands

Guðmundur Magnússon
formaður ÖBÍ

Lilja Þorgeirsdóttir
framkvæmdastjóri ÖBÍ